



## **Grænni byggð – Green Building Council Iceland**

Stjórnarfundur Grænni byggðar

**Staðsetning fundar:** Zoom fjarfundur

**Dagsetning:** 19.03.2020 – 15:00 – 16:30

**Mættir eru:** Þórhildur Fjóra Kristjánsdóttir, Ragnar Ómarsson, Kristján Arinbjarnar, Olga Árnadóttir, Ólafur H. Wallewik, Gyða Mjöll Ingólfssdóttir, Kristjana Ósk Jónsdóttir og Bjarni Þór Þórólfsson.

**Fundarritari:** Olga Árnadóttir

Stjórnarmeðlimir:

Bjarni Þór Þórólfsson (BÞÞ) – Búseti – bjarni@buseti.is

Gyða Mjöll Ingólfssdóttir (GMI) – Samorka - gyda@samorka.is

Kristjana Ósk Jónsdóttir (KÓJ) – Reitir fasteignafélag – kristjana@reitir.is

Kristján Arinbjarnar (KA) – Íslenskir aðalverktakar - ka@iav.is

Olga Árnadóttir (OÁ) – Framkvæmdasýsla ríkisins – olga.a@fsr.is

Ólafur Haralds Wallewik (ÓHW) – Rannsóknarstofa byggingariðnaðarins – olafurw@ru.is/ olafur.w@nmi.is

Ragnar Ómarsson (RÓM)– Verkís verkfræðistofa – rom@verkis.is

Þórhildur Fjóra Kristjánsdóttir (ÞFK) – Framkvæmdastjóri Grænni byggðar– tk@graennibyggd.is

### **Dagskrá fundar:**

- 1. Fundargerð síðasta fundar - samþykkja**
- 2. Fréttir úr starfinu**
- 3. Viðbrögð GB vegna Covid19**
- 4. Ársskýrsla 2019**
- 5. Ársreikningur 2019**
- 6. Starfsáætlun**
- 7. Fjárhagsáætlun 2020**
- 8. Starfsemin – starfsnemi – húsnæði**
- 9. Annað**



## 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerðin var samþykkt af öllum.

## 2. Fréttir úr starfinu

- Elísabet Sara Emilsdóttir ráðinn sem starfsnemi –4 mánuðir í 50% stöðu

Sveigjanleg. Margar fínar umsóknir, en Elísabet var með fjölbreyttan faglegan bakgrunn og reynslu, og kom mjög vel út í viðtali, sem kraftmikill starfskraftur. Stjórnin óskar Þórhildi til hamingju með nýjan starfsnema.

- Fundur með Terra–varðandi samstarf og aðild

Rætt um mögulegt samstarf og vinnufund GB og Terra, sameiginlegt málþing, sérstaklega um nýjar breytingar á reglugerðum um úrgangsmál fyrir byggingariðnaðinn.

- Mörgum fundum frestað

Covid 19 veiran er að hafa áhrif á starf GB. Fundur með Íslandsbanka til dæmis. Starfsemin þolir þó vel smá lægð. Hægt að vinna í ýmsum gögnum og faglegum verkefnum á meðan þetta ástand ríkir. BREEAM viðauki og önnur verkefni.

- Fossarmarkets- Andri Guðmundsson

Þórhildur átti fínan fund með Andra. Hann er með þeim fremstu í grænum skuldabréfum hérlendis. Gott að vera búin að leggja línurnar varðandi þetta. Er þó á ís, lægð á mörkuðum eins og er.

Talað um BREEAM in Use og frekari tækifæri varðandi það á Íslandi. PiaCon, Pia Öhrling er sérfræðingur Svíanna í BREEAM in use, væri áhugavert að fá hana hingað til lands.

- 500.000 kr styrkur frá Reykjavíkurborg í verkefnið: Loftgæði og leiksskólar –könnun á Ferðavenjum. Dagur Bollason starfsemi vann þessa umsókn fyrir okkur, starfsnemi Grænni byggðar fer í að vinna þetta verkefni.

- Engin samnorræn umsókn um Circular Cities þar sem Norska og Finnsla GBC drógu áhugann til baka varðandi umsóknina, Covid19 ástandið að hafa mikil áhrif þar. Bæði Reykjavík, Ævar Harðarson varðandi HverfisSKIPULAG Reykjavíkurborgar og svo líka Reitir Fasteignafélag, Íris Þórarinsdóttir, voru kominn inn sem íslenskir aðilar í verkefnið. Leytast við að finna annan vettvang fyrir verkefnahugmyndina.

- Fengum 500.000 styrk frá UAR í verkefnið um Grænni rekstur húsfélaga, hugmyndin að vinna það í samstarfi við aðalfundi hjá –Eignaumsjón, en engin aðalfundir á döfinni og verkefnið í smá bið. Verður líklegast tekið áfram á haustmánuðum í staðinn.



- Byggingarúrgangur –hringrásarhagkerfið –HMS?

Húsnæðis og Mannvirkjastofnun hefur hug á því að halda áfram vinnu við byggingarúrgang. Grænni byggð er í samstarfi við Þóru Margréti Þorgeirsdóttur hjá HMS að vinna að hugmyndum hér, þar sem niðurstöður rannsóknarverkefna frá 2019 eru teknar áfram.

- Bíllaus dagur –með SUBL, Hjólavottun. Grænni byggð er með herna, en það er Hjólafærni og Samtök um bíllausan lífstíl sem eru við stýrið, við erum aðeins á hliðarlínunni, en hugmynd að taka þátt í skipulagningu fyrir bíllausa daginn í haust, en hann markar lok á Evrópskri samgönguviku.

- Nýjir aðilar: Arkítýpa – einstaklingsfyrirtæki í 4.flokk

- Grænni byggð átti fund með Co-housing –frumkvöðlar, Simon Joscha Flender m. Fl. Grænni byggð hefur boðist til þess að vera með í kynningarfundum (co-host) í viðburði þar sem á að kynna konseptið.

- Vinna við BREEAM –AP –IS –BREEAM er búið að samþykkja Review á honum – BREEAM er búið að samþykkja að lesa viðaukann yfir og koma með athugasemdir.

- BREEAM kontakt á Ísland GBCI?

BREEAM hefur verið með viðburði á Íslandi í gegnum HBH byggir. GB vill gjarnan vera í samstarfi/samskiptum við BREEAM varðandi hvenær og hvaða BREEAM viðburðir séu haldnir á Íslandi, hefur tekið þetta upp með Florence Owens hjá BREEAM.

- BREEAM–reynsla verktaka– Man kröfur og orkukröfur – eru í vinnslu og að klárast.

- Tími til að gera það sem áður ekki í forgangi – veita stjórnvöldum aðhald í gegnum samráðsgátt, gera betri og skilvirkari möppu strúktúr, skrifa faglegar greinar í blöðin, deila fræðslufundum og efni í gegnum netmiðla.

- Aðildagjöldin hafa flest skilað sér, 76% hefur verið greitt –á a.m.k von á 86%

geiðsluhlutfalli. Það gengur vel að innheimta aðildagjöldin. Einhver afföll eru þó að verða vegna Covid 19. IKEA er hætt–spurningum Nanótækni og HBH byggir líka.

### 3. Viðbrögð GB vegna Covid19

- Ársfundur 7 apríl (lögin?)
- Dagur Grænni byggðar –30 apríl
- Námskeið með IÐUNNI 29 apríl
- Ættum við að vera með Webinars?
- Önnurviðbrögð?

Það er tvísýnt varðandi það hvort að halda eigi þessa viðburði vegna Covid 19.



Pórhildur ber stöðuna undir stjórnina. Hvað gera skuli gera í þessari stöðu.

**Aðalfundur:** Aðalfundinn væri hægt að halda sem fjarfund. Það væri hentugt að halda ársfundinn þann 30. apríl. Skv. lögum á ársfundur að fara fram fyrir 1. maí. Umræður um það hvort að hægt sé að halda fundinn rafrænan, Teams er nefnt í þeim efnum. Þurfum þó að gæta að því að kosning og skrifleg samþykki fari fram skv. lögum.

Umræður fara fram um mismunandi form á fundinum. Stjórnin er samþykkt því að reyna að halda hefðbundinn aðalfund þann 30. apríl. Fundurinn verður boðaður sem hefðbundinn fundur með rafrænum möguleika. Endurmeta stöðuna tveimur vikum fyrir fund.

Passa að öll gögn um fundinn og fundarboð fari fram tveimur vikum fyrir 30. Apríl samkvæmt lögum félagsins.

**Dagur grænni byggðar:** Stjórnin er sammála því að fresta Degi grænni byggðar fram á haust. Það þarf að vera búið að finna nýja dagsetningu þegar fundinum er frestað. Ættum að hafa september/október í huga. **Tillaga kemur að dagsetningunni 10. september (fimmtudagur).** Stjórnin ákveður að stefna að þessari dagsetningu að öllu óbreyttu.

Varðandi Webinar – ættum að skoða þann möguleiki upp á sýnileika starfseminnar ef þetta ástand dregst á langinn.

#### 4. Ársskýrsla 2019

- Sjá drög í pósti
  - Viðburðarríkt ár–
- 15viðburðir
- Þáttaka í a.m.k 4 viðburðum
- Þátttakaí 2 erlendum fundum
- **Þrjú rannsóknarverkefni**
- Eitt UAR verkefni
- Sumarstarfsnemar

Útlistun á því sem félagið gerði árið 2019. Skýrslan þarf að klárast fyrir aðalfundinn. **Stjórnin er beðin um að lesa yfir skýrsluna og koma með athugasemdir ef einhverjar eru.** Kristjana bauðst til þess að lesa yfir skýrsluna og fara yfir aðeins



forsíðuna á henni. Ragnar hefur gert ávarp formanns, sem kemur vel út.

## 5. Ársreikningur 2019

Þórhildur fer yfir drög að ársreikningi. Tekjur voru óvenju háar vegna styrkja.

Stjórnin ræðir ársreikning. Smávægilegar athugasemdir frá stjórninni varðandi skýringar, framsetningu o.fl.

**Það þarf að koma skýrara fram hvað hver liður þýði, svo að fólk sem les reikningin skilji þetta betur og fái betri innsýn inn í málin. Þórhildur tekur þetta áfram með endurskoðanda og sendir á stjórnina til samþykktar.**

Fjármálin hafa heilt yfir gengið vel síðastliðið ár og Þórhildur hefur haldið vel utan um þennan lið.

Stjórnin fær uppfærðan ársreikning sendan í pósti.

## 6. Starfsáætlun 2020

Þórhildur er langt komin með starfsáætlunina. Það helsta sem planað er kemur fram hér að neðan:

- Koma niðurstöðum rannsóknarverkefna með Mannvirkjastofnun frá 2019 á framfæri við hagsmunaaðila
  - **Halda upp á 10 ára afmælið**
  - Vinna verkefnið: Leiðbeiningar til húsfélaga um umhverfisvænan rekstur
  - Vinna verkefni: Loftgæði og leiksskólar
  - **Vinna við BREEAM –IS appendix**
  - Styrkjar tengsl við aðildafyrirtækin
  - Taka þátt í og styrkja tengsl og miðlun frá Norrænu og World Green Building Council
    - Skipuleggja Dag Grænni byggðar
    - Skipuleggja fræðslufundi/opna umræðu fundi
    - **Stofna formlega Vinnustofu Grænni byggðar**
    - Vinna markvisst með Heimsmarkmiðin fyrir hið byggða umhverfi
    - Fylgja eftir aðgerðaráætlun í loftslagsmálum –
    - Styrkja fjárhagsgrundvöll Grænni byggðar
    - Skrifa a.m.k fjórar greinar í blöðin
    - Styrkja stefnumótun Grænni byggðar og fagleg áhrif (samráðsgátt)
    - Finna nýtt húsnæði
    - **Fara úr prospective til emerging level varðandi WGBC aðild?**



Þetta þarf stjórnin að ræða betur, þyrfti að taka upp á aðalfundi. Ragnar telur þetta vera gott skref að taka fyrir félagið og gæti líka verið mjög gott fyrir aðildafélögin. Þetta rammur starfsemi félagsins inn og veitir okkur smá aðhald varðandi rekstrarform og þróun á starfsemi félagsins. Þetta væri framfaraskref og þá hefðum við meiri stuðning einnig. Þetta opnar hlið að alþjóðlegu samstarfi sem hjálpar okkur mjög að móta starfsemi félagsins til frambúðar. Spurning kemur upp um aukin útgjöld. Umræða um fjárhagshliðina.

Stjórnin er almennt jákvæð gagvart þessu skrefi.

Myndi gefa félaginu meiri faglegan þunga og efla það á ýmsan hátt.

Bjarni stingur upp á því að Þórhildur taki símafund við aðila erlendis til að fara yfir það hvað þetta þýðir fyrir félagið, kostnað o.fl. Þórhildur tekur þetta upp og verður rætt aftur á næsta fundi.

## 7. Fjárhagsáætlun 2020

Þórhildur fer yfir fjárhagsáætlun ársins. Aðildagjöldin munu vega þyngst á næsta ári skv. áætlun.

Fjárhagsáætlun lítur ágætlega út. Félagið gerir sér vonir um frekari styrki á ári.

Aðildafélögin hafa skilað sér vel. Ánægja með það. Mögulega þarf að skoða það að veita þeim sem eiga eftir að greiða frest vegna ástandsins í þjóðfélaginu.

## 8. Starfsemin – starfsnemi – húsnæði

Starfsemi félagsins er í góðum gír þrátt fyrir ástandið. Viðburðir geta alveg beðið. Leggja áherslu á vinnslu ýmissa gagna á meðan.

Þórhildur er mjög ánægð með aðstöðuna á Laugaveginum. Þórhildur er að þreifa fyrir sér varðandi húsnæðismál félagsins í júní. Það þarf að losa húsnæðið í júní samkvæmt samningi við Reiti Fasteignafélag.

## 9. Annað

Það kemur upp sú hugmynd að senda út aðgerðaráætlun GB sem Ragnar tók saman líka á félagsmálaráðuneytið.

Féagið hefur nú þegar náð sambandi við bæði ráðuneytin sem hafa með málið að gera. Það þarf að fylgja þessu eftir.

Kynning Ragnars um skýrsluna með stefnumótun og herferðina um bundið kolefni eða „Embodied Carbon“ er á heimasíðu Grænni byggðar undir *fræðsla og miðlun, - græn stefnumótun.*

**Næsti stjórnarfundur: 15. Apríl – Þórhildur boðar fundinn.**

**Fundi slitið: 16:30**